

Þorláksmessa, aðfangadagur jóla og annar í jólum

Móttaka jólakorta verður í Hafliðabúð milli kl. **16.00 og 18.00** á Þorláksmessu. Vinsamlegast komið tímanlega og virðið sóttvarnarreglur við komu. Merkið umslög og pakka með **nafni og heimilisfangi**. Að venju munu jólasveinar hjálpa til við að bera út jólakort og pakka á aðfangadaga.

Á Þorláksmessukvöld verður jólatrésskemmtun í miðbænum og byrjar hún kl. **19.30**. Boðið verður upp á heitt súkkulaði og smákökur í verslun Kjörbúðarinnar í boði Verkalýðsfélags Þórshafnar, Kjörbúðarinnar og Bjsv. Hafliða. Jólasveinar munu mæta á svæðið og það verður sungið og gengið í kringum jólatréð.

Jólaball verður annan í jólum í félagsheimilinu Þórsveri með fyrirvar um sóttvarnarreglur. Tímasetning auglýst nánar síðar.

Áramót og flugeldar:

Flugeldasala verður í Hafliðabúð á eftirfarandi dögum:

Miðvikudagur 29. desember kl. 17.00-20.00

Fimmtudagur 30. desember kl. 17:00-20:00

Föstudagur 31. desember kl. 11.00-14.00

Flugeldasala verður í Arnarbúð á eftirfarandi dögum:

Fimmtudagur 30. desember kl. 15:00-17:00.

Áramótabrennur á Þórshöfn og Bakkafirði

Þórshöfn: Við Hjallamel í landi Syðra-Lóns kl. **20:30**

Bakkafjörður: við Dagmálshraun í landi Lnb. kl. **20:30**

Flugeldasýning Hafliða verður kl. **21.30** við endann á Fjarðarvegi (á túninu við Vegamót). Upplagt er að horfa á sýninguna frá hafnarsvæðinu, en um leið skulum við muna eftir sóttvarnarreglum og halda fjarlægð og vera með grímur. **Stjórn Hafliða vill þakka öllum fyrirtækjum og einstaklingum sem styrktu sýninguna í ár.**

-Jól og áramót 2021- **Björgunarsveitin** **Hafliða**

Ábm: Þorsteinn Ægir Egilsson, formaður



Stjórn Hafliða vill minna fólk á að huga að **eldvörnum** og fara gætilega í kringum flugelda um hátíðarnar. Slökkvilið Langanesbyggðar selur reykskynjara, slökkvitæki og eldvarnarteppi. Um leið og stjórn sveitarinnar óskar öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári þá þökkum við fyrir stuðninginn á árinu sem er að líða.



Fréttir af sveitinni

- Gerður hefur verið þjónustusamningur við Verkstæði Hjartar. Samningurinn snýr að viðhaldi bíla og tækja í sveitinni.
- Sveitin tók þátt í þjónustuverkefni fyrir Space Iceland í sumar. Verkefnið snérist um flutning á fjarskiptasendum og öðrum búnaði út á Langanes.
- Ísfélag Vestmannaeyja átti 120 ára afmæli í ár og að því tilefni styrkti fyrirtækið sveitina um 3 milljónir króna í tækjakaup.
- Ákveðið var að hefja allsherjar endurbætur á Arnarbúð á Bakkafirði. Sveitin fékk styrk í verkefnið frá verkefninu „Betri Bakkafjörður“ að upphæð 2 milljónir. Framkvæmdir að utan eru að klárast og í beinu framhaldi verður farið í endurbætur að innan.
- Samstarf sveita á svæði 12 (8 sveitir) hefur aukist mikið á þessu ári. Meðal annars má nefna formannafundi, sameiginlegt viðburðardagatal á svæðinu o.fl.
- Formaður Bjsv. Hafliða Þorsteinn Ægir Egilsson var kosinn í stjórn Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á landsþingi sem haldið var í haust.
- Hluti flugslysaæfingar ISAVIA á Þórshafnarvelli var haldin í haust. Vegna Covid var ákveðið að halda fyrirlestra í gegnum fjarfundarbúnað en verklegri æfingu frestað og verður haldin síðar.

- Svokallað punktakerfi fyrir félagi í sveitinni hefur verið virkjað og er markmið þess að auka þátttöku félagi í starfi.
- Sveitin tók þátt í Hálendisvaktinni sl. sumar. Þetta er í annað sinn sem sveitin tekur þátt. Vaskur hópur félagi sinnti þessari gæslu í viku tíma og hafði hópurinn aðsetur í Dreka við Öskju.



Hægt er að styrkja sveitina með frjálsum framlögum

Rn: 0179-26-481

Kt: 411281-0359